

Stjórnarnetfundur fundargerð 21. Nóvember 2019

Staðsetning :	Netfundur
Dagsetning:	21.11.2019
Fundar tími:	17:00
Fundi slitið:	20:05
Til staðar:	Formaður - Jónína (JMA), Vara formaður - Katla (KS), Gjaldkeri - Ingvar (II), Ritari - Björn (BH) og Með stjórnandi - Rebekka (RI). Voru til staðar allan fundinn.

Dagskrá

1. Samþykktir fundargerða
2. Fjárhagsstaða safnaðarins
3. Staða í máli safnaðarins vegna meðlimaskrár, fylkismaður, Ropstad ofl.
4. Fréttabréf eða önnur útsending til meðlima - Ingvar
5. Undirbúningur vegna vinnuhelgar stjórnar og starfsmanna safnaðarins
6. Undirbúningur vegna sameiginlegrar vinnuhelgar íslensku safnaðanna í Skandinavíu
7. Samningar við kóra ofl.
8. Önnur mál

Umræður

1. Fundargerðir síðustu tveggja funda samþykktar (12.11.2019 og 25.10.2019(netfundur)).
2. Il segir frá fjárhagsstöðu safnaðarins. Staðan er ágæt. Fylkismannen framlengdi frest til að skila inn leiðréttingum, og því er seinkun á sóknargjöldum frá sveitarfélögum. Leiðréttur listi hefur enn ekki verið tekinn fyrir. Áætlað 3-4 milljónir sem munu koma inn. Erum undir í öllum flokkum áætlunarinnar. Il fær umboð stjórnar til að gera upp

við sr. Lilju. H vill fara að byrja endurskoðun á fjárhagsáætlun fyrir 2020.

3. Meðlimaskráin er ekki komin frá Fylkismannen. Knut Rognlien hefur enn ekki sent tilkynningu um málsókn til ráðuneytis. H hefur beðið Axel um fjölda meðlima síðastliðinna ára. Staða safnaðarins er mjög sterk og gæti farið jafnvel einn í málssókn. Stjórn safnaðarins rekur málið, ekki prestur. Miðað við alvarleika þessa máls er alltof lítið gert til þess að ljúka málinu, þetta tekur alltof langan tíma (H)! Ingibjörg (sendiherra) gat ekki skrifað undir bréfið sem sent var Ropstad í dag vegna hættu á að blanda sér í innanríkismál.
4. Fréttabréf. Ekkert nýtt um upplýsingabækling til aðfluttra Íslendinga. Fréttabréf kemur á næstu dögum.
5. Undirbúningur fyrir vinnuhelgi. H búin að athuga með hús í Kodal og annað í Nittedal fyrir vinnuhelgina. Taka fyrir m.a. skipulag safnaðarins, stefnumótun safnaðarins, upplýsingaflæðið (fréttablað, heimasíðu, facebook), og hópefli. Vill að kjarni stjórnarinnar virkji fólk sem er í „ytri hring“ stjórnar (varamenn, tengiliðir og svo framvegis). Unglingahelgi um miðjan febrúar þarf að skipuleggja. Sumarbúðir og æskulýðsmót. Vinnustofu(workshop) fyrir hvern grunnþátt.
6. Sameiginleg vinnuhelgi íslensku safnaðanna. Gisting og fundarhald á Oslóarsvæðinu. H hefur fundið ráðstefnuhótel nálægt Gardemoen. Ódýrt og hentugt. Enn ekki búin að ákveða fjölda sem koma á vinnuhelgina.
7. Samningar við kóra. Óánægja eingöngu hjá Ískórnum. JMA búin að lofa fundi með þeim í janúar. Fá fulltrúa frá öllum kórnum með á fundinn ásamt Freydísi. JMA og RI halda sér til hliðar.
8. Önnur mál.
Ávarp formanns fyrir jólamessuna kynnt. Katla og Ingvar eða Björn geta lesið hana í Kristiansand (þ. 14.12) og Sandefjord (þ. 15.12), með eigin ívafi. Hvetja fólk til að taka þátt í safnaðarstarfinu.

Íþróttaálfurinn getur komið í janúar til að gleðja veiku stúlkuna og verið með viðburð á vegum safnaðarins sama dag. Salur til í Jessheim. Útvega gistingu og ferðir. Athuga með styrki.

Farið yfir bréf Kötlu til kóra, íslendingafélaga og annarra hópa. Mun senda sms og tölvupóstfang til viðtakenda.

BH hefur sent Helgu Soffíu bréf vegna umsóknar vígsluleyfi sr. Ingu hér í Noregi.

BH Gunnar Kind hefur ekki tekist að koma á fundi með Bjerke Ventilasjon (Kjetil Sukkestad). Sækja þarf um framlengingu frestsins sem var gefinn söfnuðinum í ágúst s.l. vegna samþykktar á húsnaðinu. BH upplýsir að brunavarnir verða ekki samþykktar fyrr en allt húsnaðið verður samþykkt.

Samþykktir	Ábyrgð	Frestur	Næsta verkefni
II fær umboð stjórnar til að gera upp við Lilju	Stjórn	Sem fyrst	

Verkefnalisti	Ábyrgð	Frestur	Staða	Næsta verkefni
Gera upp við sr. Lilju	II	Sem fyrst		
Panta stað fyrir vinnuhelgi íslensku safnaðanna í febrúar	II			
Boða til fundar við kórana í janúar	II			
Athuga styrk frá Ícelandair	II			
Sækja um frest hjá teknisk etat um viðbótarfrest	BH	Sem fyrst		
Ljós vegna neyðarútganga	Berglind	Sem fyrst		
Kaupa skiptiborð og stóla	Berglind	Sem fyrst		